

## Upplýsingastefna VR

Krafa félagsmanna VR er að félagið sinni upplýsingamiðlun fljótt og örugglega. Betra upplýsingaflæði frá félaginu og opin samskipti auka traust og trúnað. VR hefur mótað upplýsingastefnu sem er grunnur að samskiptum við félagsmenn, almenning og fjölmiðla og felur í sér markmið félagsins í upplýsingamálum.

### MARKMIÐ

- Að tryggja rétta, tímanlega og markvissa upplýsingagjöf til félagsmanna um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum sem og upplýsingar um stöðu þeirra og réttindi hjá félaginu
- Að tryggja gott flæði upplýsinga til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og annarra sem starfa í þágu félagsins
- Að koma á framfæri við félagsmenn og aðra upplýsingum um starfsemi félagsins og ákvarðanir þess
- Að skapa vettvang fyrir samskipti VR við fjölmiðla

### UMFANG

- Upplýsingastefnan tekur til allrar fréttá- og upplýsingamiðlunar frá félaginu

### ÁBYRGÐ OG EFTIRFYLGNI

- Formaður ber heildarábyrgð á upplýsingastefnu VR og reglulegri endurskoðun
- Fagstjóri upplýsingamála ber ábyrgð á að upplýsingastefnunni sé framfylgt í umboði formanns
- Forstöðumenn bera ábyrgð á að upplýsingum um starfsemi sinna sviða sé komið á framfæri á markvissan hátt

### AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM OG MEÐFERÐ ÞEIRRA

Um meðferð persónutengdra upplýsinga fer skv. lögum um persónuvernd.

### Aðgengi félagsmanna að upplýsingum er m.a. í gegnum eftirtalda miðla:

- Heimasíða VR, þ.m.t. Mínar síður
- Samfélagsmiðlar, s.s. facebook, twitter osfr.
- Rafrænar fyrirspurnir, vr@vr.is
- VR blaðið
- Auglýsingar og útgefið efni
- Fundir o.þ.h.
- Trúnaðarmenn á vinnustöðum
- Beinn markpóstur til félagsmanna
- Umfjöllun um starfsemi félagsins í öðrum miðlum

**Aðgengi almennings að upplýsingum er m.a. í gegnum eftirtalda miðla:**

- Heimasíða VR
- Samfélagsmiðlar, s.s. facebook, twitter osfr.
- Rafrænar fyrirspurnir, vr@vr.is
- VR blaðið
- Auglýsingar og útgefið efni
- Umfjöllun um starfsemi félagsins í öðrum miðlum

**Aðgengi fjölmiðla að upplýsingum er í gegnum sömu miðla og almennings en að auki:**

- Formaður félagsins er talsmaður þess við fjölmiðla
- Fagstjóri upplýsingamála sér um að koma á framfæri til fjölmiðla fréttatilkynningum og öðrum upplýsingum, ef þörf er á

Samþykkt á fundi stjórnar VR 12. nóvember 2014.